

BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um gott aðgengi að endurgjaldslausu vatni á borgarhátíðum vegna skaðaminnkunarsjónarmiða - R19080164

Gott aðgengi að endurgjaldslausu vatni á tónlistarhátíðum í borgarlandinu er mikilvægt vegna skaðaminnkunarsjónarmiða til að tryggja öryggi gesta, standa vörð um þeirra líkamlegu og andlegu heilsu sem og að stuðla að jákvæðri útkomu viðburða fyrir gesti og umhverfi. Lagt er til að borgarráð samþykki að gera kröfu um aðgengi að endurgjaldslausu vatni á tónlistarhátíðum í borgarlandinu og að slíkt ákvæði verði framvegis að finna í öllum samningum og leyfum Reykjavíkurborgar og verði hluti af öryggisviðbúnaði hátíðanna.

Greinargerð:

Þegar kemur að notkun áfengis og annarra vímuefnajafa er afar mikilvægt að viðburðahaldarar hafi í huga þá hættu sem getur skapast vegna slíkrar notkunar. Öryggi gesta skal alltaf setja í fyrsta sæti á viðburðum og hátíðum. Vímuefnanotkun getur haft áhrif á líkamlega og andlega heilsu gesta, öryggi gesta, umhverfi viðburðarins og spilað stóran þátt í því hvernig heildarútkoma viðburðar tekst til.

Ein af mögulegum afleiðingum áfengis- og annarar vímuefnanotkunar er meðal annars ofþornun hjá einstaklingum. Þar af leiðandi er afar mikilvægt að hafa gott aðgengi að vatni án endurgjalds og er það jafnframt gagnreynt skaðaminnkandi inngríp sem dregur úr líkum á að einstaklingar verði fyrir heilsufarslegu tjóni á viðburðum.

Í Reykjavík eru innviðir fyrir vatnsmiðlun góðir og ekki getur talist íþyngjandi fyrir rekstraraðila tónlistarhátíða að útvega vatnsbrunna þar sem gestir geti fengið vatn og fyllt á eigin ílát. Kostnaður vegna þessa er hverfandi í samanburði við heildarkostnað slíkra samkoma og er eðlilegt að gerð séu skilyrði fyrir vatnsmiðlun með tilliti til almannaheillar og öryggis gesta, rétt eins og gerð er krafa um salernisaðstöðu.

Umfram lýðheilsusjónarmið hefur sala á einnota drykkjarumbúðum einnig veruleg umhverfisáhrif sem vert er að hafa í huga og samræmist tillaga þessi loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar.

Fjöldmörg önnur gagnreynd skaðaminnkunarinngríp eru til þegar kemur að viðburðum og hátíðum, meðal annars að stýra hitastigi með kælingu og loftræstingu, að bjóða upp á skaðaminnkandi fræðslu um vímuefnanotkun á fordómalausán hátt, að hafa öruggt rými til að bjóða upp á andlegan og geðrænan stuðning með svæði fyrir hvíld og endurnæringu og prófanir á samsetningu og styrk vímuefna. Áhugavert væri að taka fleiri skref í þessum efnum í samstarfi við ríkið, en hér mætti stíga mikilvægt skref í anda skaðaminnkunar.

Í minnisblaði Miðbæjarathvarfsins, sem er samstarfsverkefni velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í tengslum við tónlistarhátíðina Secret Solstice sem haldin var í júní 2019 kemur fram þörf fyrir betra aðgengi að vatni, sem styður við mikilvægi þessarar tillögu.